

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 23. febrúar 2024
UST202402-271/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Lúnansholt III og IV.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 15. febrúar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Lúnansholt III og IV.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að frístundabyggðar F75 verður breytt í íbúðarbyggð. Stærð skipulagssvæðisins er 8 ha.

Landsskipulagsstefna

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á kafla 2.1.1 í Landsskipulagstefnu sem fjallar um sjálfbær byggð í skipulagsáætlunum en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur